AUGLÝSING

um skrá Hrunamannahrepps skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-7. tl. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

Yfirstjórn:
- sveitarstjóri
- skrifstofustjóri
- launafulltrúi

Félagsþjónusta:
- félagsmálastjóri

Fræðslumál:
- skólastjórar grunnskóla
- skólastjórar leikskóla

Íþrótta- og æskulýðsmál:
- umsjónarmenn íþróttamannvirkja – íþróttahús og sundlaug

Skipulags- og byggingarmál:
- skipulags- og byggingarfulltrúi

Veita – áhaldahús:
- veitustjóri

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:
- húsvörður grunnskóla
- húsvörður félagsheimilis

Flúðum, 31. janúar 2005.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Hrunamannahrepps.

Nr. 227 17. febrúar 2005

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

1) Deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Deiliskipulagið afmarkast af Iðjustíg og Krossmóa til suðurs, vesturmörkum lóðarinnar Krossmóa 2 og Hafnargötu til vesturs, Víkurbraut til norðurs og Bakkastíg til austurs.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.